

**CDO1**

**Árshlutareikningur 1.1. - 30.06.2005**

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj. ....	3		
Áritun endurskoðenda .....	4	Yfirlit um breytingar á hreinni eign .....	7
Rekstrarreikningur .....	5	Yfirlit um fjárfestingar .....	8
Efnahagsreikningur .....	6	Skýringar .....	9
<i>Árshlutareikningur CDO1 2005</i> .....	2		

---

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Árshlutareikningur CDO1 er hluti af B-hluta árshlutareiknings Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. sem inniheldur árshlutareikning Verðbréfasjóða Kaupþings banka, Fjárfestingarsjóða Kaupþings banka og Fagfjárfestasjóðs Kaupþings banka. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu að fjárhæð 24 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og er hagnaðurinn færður til hækkunar á hlutdeildarskírteinum. Eigið fé sjóðsins í lok júní nam 848 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. ágúst 2005.

Í stjórn félagsins:

Þórarinn Sveinsson, stjórnarformaður

Andri Vilhjálmur Sigurðsson

Birgir Örn Arnarson

Framkvæmdastjóri:  
Hrafn Árnason

# Áritun endurskoðenda

---

Til eigenda hlutdeildarskrteina í CDO1.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning CDO1. Hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 15. Árshlutareikningurinn er byggður á gögnum rekstrarfélagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Könnun okkar fól í sér spurningar til starfsmanna félagsins og greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag í lok þess og breytingu á handbæru fé og hreinni eign sjóðsins, í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 15. ágúst 2005.

Reynir Stefán Gylfason

***KPMG Endurskoðun hf.***

## Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2005

---

	Skýr.	2005 1.1.-30.6	2004 1.1.-30.6
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>	2-4		
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur .....		156	40
Vaxtagjöld .....		( 124)	( 34)
Hreinar fjármunatekjur .....		32	6
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Umsýsluþóknun .....	5	8	1
		8	1
<b>Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini .....</b>		<u>24</u>	<u>5</u>

## Efnahagsreikningur 30. júní 2005

	Skýr.	30.6.2005	31.12.2004
<b>Eignir:</b>			
<b>Verðbréf:</b>			
Verðbréf með föstum tekjum .....		4.012	4.620
Hlutdeildarskírteini .....		284	0
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....		349	80
Eignir samtals 6-10		4.645	4.700
 <b>Skuldir:</b>			
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag .....	(	1)	8
Útgefin skuldabréf .....	(	3.796)	( 3.884)
Skuldir samtals	(	3.797)	( 3.876)
<b>Hrein eign samtals</b>		848	824
 <b>Eigið fé:</b>			
<b>Hlutdeildarskírteini</b> .....	12-13	848	824
Hrein eign .....		848	824
Fjöldi eininga .....		307	307
Gengi sjóðsbréfa í lok ársins .....		2,76	2,69

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign 1. janúar - 30. júní 2005

---

	Skýr.	2005 1.1.-30.6	2004
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini .....		<u>24</u>	<u>5</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Seld hlutdeildarskírteini .....		0	972
Innleyst hlutdeildarskírteini .....		<u>0</u>	<u>( 153)</u>
		<u>0</u>	<u>819</u>
<b>Hækkun á hreinni eign .....</b>		24	824
<b>Hrein eign í ársbyrjun .....</b>		<u>824</u>	<u>0</u>
<b>Hrein eign í lok árslok .....</b>		<u><u>848</u></u>	<u><u>824</u></u>

## Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2005

CDO 1	Markaðs- verð	% af hreinni eign
<b>Íslensk skuldabréf</b>		
Frjálsi fjárfestingabankinn .....	512	60,4%
Kaupþing Banki hf. ....	474	55,9%
Samvinnusjóðurinn .....	386	45,5%
Bréf með ríkisábyrgð .....	337	39,7%
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	330	38,9%
Verslunarlánasjóður .....	163	19,2%
SP fjármögnun .....	121	14,3%
Landsbankinn .....	107	12,6%
Önnur skuldabréf .....	1.582	186,6%
Hlutdeildarskírteini .....	284	33,5%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....	349	41,2%
Heildarverðmæti fjárfestinga .....	<u>4.645</u>	<u>547,8%</u>
Útgefin skuldabréf .....	( 3.796)	( 447,6%)
Aðrar eignir og skuldir nettó .....	( 1)	( 0,1%)
Hrein eign samtals .....	<u><u>848</u></u>	<u><u>100,0%</u></u>



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

1. Árshlutareikningur Fagfjárfestastjóðs Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Rekstrarfélagi Kaupþings Búnaðarbanka hf. sem er dótturfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

### Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2005. Rekstrartekjur og rekstargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### Vaxtatekjur og vaxtagjöld

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

### Arður

4. Arður er tekjufærður þegar krafa um hann myndast, það er þann dag sem arðurinn er til útborgunar. Fjármagnstekjuskattur

### Umsýsluþóknun

5. Sjóðurinn greiðir Rekstrarfélagi Kaupþings Búnaðarbanka hf. eignastýringarþóknun sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins, laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu en auk þess greiðir sjóðurinn Arion hf. vörsluþóknun. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðsins, sem hér greinir:

	Eignastýringar- þóknun	Umsýslu- þóknun
CDO 1 .....	0,3%	0,05%

### Fjárfestingar

6. Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok tímabilsins. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.
7. Hlutabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok tímabilsins. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.
8. Hlutdeildarskrteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gilti á markaðnum í lok tímabilsins.
9. Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok tímabilsins.

## Skýringar, frh.:

10. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, samningarnir taka ekki gildi fyrr en á árinu 2005 eða nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikning á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra getur meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Afleiðusamningar sjóðanna eru færðir á markaðsverði. Samningarnir eru notaðir til að verja sjóðina gegn vaxta- og gengisáhættu vegna verðbréfa. Með afleiðusamningum sjóðanna er almennt stefnt að því að draga úr verð-, gengis- og vaxtaáhættu þeirra. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Markaðsáhætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa.

## Skattamál

11. Fagfjárfestasjóðir greiða ekki tekjuskatt eða eignarskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða árlega eignarskatta af eign sinni í sjóðunum. Þá greiða þeir fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn og bréfin eru metin á markaðsverði til eignarskatts.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

## Hlutdeildarskírteini

12. Raunávöxtun fjárfestingarsjóðs Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka m.v. 30. júní 2005

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði
CDO 1 .....	0,60%	1,40%

\*CDO 1 hóf starfsemi í desember 2004.

13. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti		Gengi	
	30.6.2005	2004	30.6.2005	2004
CDO 1 .....	848	824	2,76	2,69

## Skýringar, frh.:

---

### 14. Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna og fjárfestingarstefnu.

	Eign		Breyting	Fjárfestingarstefna	
	30.6.2005	31.12.2004		Lágmark	Hámark
	%	%	%	%	%
Innlán fjármálfyrirtækja .....	8	2	6	0	100
Aðrir fjármálagerningar .....	92	98	( 6)	0	100

### 15. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Ríki, sveitarfél. eða alþj. stofn.		Hlutdeildar- skírteini		Annað		Samtals	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl								
skráð á skipulegum verðbréfamarkaði .....	667	14	284	6	3206	69	4157	20
Innlán hjá fjármálfyrirtækjum .....					349	8	349	8
Afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða .....								
Aðrir fjármálagerningar .....					139	3	139	72
	<u>667</u>	<u>14</u>	<u>284</u>	<u>6</u>	<u>3.694</u>	<u>80</u>	<u>4.645</u>	<u>100</u>